

Nd.

### 370. Nefndarálit

um frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvörp 2 hafa legið fyrir nefndinni um þetta sama efni, annað á þskj. 30, hitt á þskj. 132. Ennfremur hefir nefndin samtímis haft til meðferðar frv. til laga um rekstrarlánafélög fyrir bátáúttveg og smáiðju, þskj. 29, sem hnígur mjög að sama efni.

Frá því frv. þessi komu fram hefir Alþingi afgreitt lög um Útvegsbanka Íslands, og má lita svo á, að með afgreiðslu þess máls sé að nokkru leyti fullnægt í bili þeirri þörf, sem nefnd frv. áttu úr að bæta, einkanlega þó rekstrarlánabörfinni. Hinsvegar er augljóst, að stofnun Útvegsbankans bindur mikið hreyfanlegt fjármagn og torveldar mjög í bili fjáröflun fyrir Fiskveiðasjóð.

Nefndin hefir því, eftir vandlega ihugun, horfið að því ráði að fella niður rekstrarlándeild Fiskveiðasjóðs og freista að heina fánlegu fjármagni til stofnlána eða smáskipakaupa og stofnunar iðjutækjum í verstöðvum.

Af þessu leiðir aftur, að nefndin treystist ekki að afgreiða frv. á þskj. 29 um rekstrarlánafélög, en tekur upp, að því er við getur átt, stefnu beggja

fyrirnefndra frv. um Fiskveiðasjóðinn og miðar tillögur sínar við frv. á þskj. 132.

Eftir framansögðu leggur nefndin til, að frv. á þskj. 132 verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. III. liður fellur niður.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Fiskveiðasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, allt að 1½ milljón kr., sem tryggð skulu með stofnfé sjóðsins og ábyrgð rikissjóðs. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um stærð bréfanna, útlit, útdrátt og aðra meðferð þeirra í reglugerð sjóðsins.
3. Við 4. gr.
  - a. Fyrir »skipakaupadeildar« i upphafi greinarinnar komi: Fiskveiðasjóðs.
  - b. Orðin »allt að 50 rúmlestar« í staflið a. falli niður.
4. Við 5. gr.
  - a. Fyrir »1/3« í þriðju málsgr. komi: 2/3.
  - b. Fyrir »skipakaupadeildar« í síðasta málslið komi: Fiskveiðasjóðs.
5. Við 6. gr.
  - a. Fyrir »skipakaupadeild« í fyrstu málsgr. komi: Fiskveiðasjóði.
  - b. b-liður orðist svo:

Gegn fyrsta veðrétti i skipum, allt að helmingi virðingarverðs, enda gangi þá veðréttur sjóðsins fyrir öllum öðrum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði.
6. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er stjórn Fiskveiðasjóðs að leggja árlegt aukagjald, sem nemi allt að ¼%, á lán með veði í skipum. Gjald þetta skal lagt i sérstakan sjóð, sem ávaxtast eins og varasjóður, og skal því varið til að bæta Fiskveiðasjóði þann halla, sem hann kann að bíða vegna sjóveða i veðsettum skipum. Nánari fyriræli um þetta skulu sett i reglugerð Fiskveiðasjóðs.
7. Við 8. gr. Greinina skal orða þannig:

Leggja skal i varasjóð, auk stofngjalds lánþega eftir 5. gr., 50% af árlegum tekjuafgangi Fiskveiðasjóðs, þar til varasjóður nemur 20% af útlánnum sjóðsins, en þaðan af svo mikið, sem þarf til að halda því hlutfalli tryggingar. Varasjóð skal ávaxta á öruggum stað og má eigi festa hann í íhættulánnum.
8. Við 10. gr. Greinin fellur niður.
9. Við 11. gr. Síðari málsgr. falli niður.
10. Við 17. gr. Greinin orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn Fiskveiðasjóðs, þar til samningar takast við Útvegsbanka Íslands um rekstur sjóðsins, eftir fyrirælum 10. gr. laga nr. 2 1930. Útlánsfé Fiskveiðasjóðs skal skipt sem jafnast eftir bátaútgærd í hverjum hluta landsins.

11. Við 18. gr. Greinin falli niður.

12. Við 20. gr. Greinin falli niður.

Greinatalan breytist eftir niðurstöðu við atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 27. marz 1930.

Sveinn Ólafsson,  
form. og frsm.

Sigurjón Á. Ólafsson,  
fundaskr., með fyrirvara.

Ásg. Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Jóhann P. Jósefsson.